

# Atli Harðarson

## Sturlunga, goðaveldið og sverðin tvö

### 1. Inngangur<sup>1</sup>

Sturlunga saga fjallar um pólitísk átök en er fáorð um pólitískar hugmyndir. Á yfirborðinu er hún hlutlaus frásögn af valdabaráttu höfðingja á 12. og 13. öld. Frásagnarháttur og sjónarhorn sögumanns útiloka heimspekilegar vangaveltur en sagan er samt ekki eins hlutlaus og virðast kann við fyrstu sýn. Í því sem hér fer á eftir ætla ég að færa rök að því að hún taki afstöðu með kirkju og kóngi gegn íslenska goðaveldinu. Þessi niðurstaða mín er ekki frumleg. Ármann Jakobsson hefur til dæmis haldið fram svipaðri túlkun þótt hann rökstyðji hana öðru vísi en ég geri.<sup>2</sup> Flestir virðast þó hafa litið á Sturlungu sem ópólitíska og hlutlausu frásögn. Ástæða þessa er ef til vill að nokkru leyti sú að menn hafa verið tregir til að fallast á að bókin sem segir frá því hvernig landið komst undir stjórn útlendra konunga tali beinlínis máli þeirra gegn innlendum valdhöfum.

Sturlunga er ekki verk eins manns. Hún er samsteypa úr mörgum sögum. Við vitum að Sturla Þórðarson ritaði Íslendinga sögu, sem er lengsta sagan í safninu. Sturla tók þátt í mörgum þeim atburðum sem frá er greint í sögunni. Á tímabili upp úr 1250 virðist hann ekki hafa verið meira en svo hrifinn af áhrifum Hákonar gamla Noregskonungs á Íslandi ef marka má Þorgils sögu skarða:

Fundust þeir Sturla Þórðarson frændur að Helgafelli. Féll með þeim heldur fálega. Sagði Sturla sem allir þeir er ríki héldu af Þórði kakala að þeim var óþokki mikill á allri skipan Hákonar konungs. Vildi Sturla draga Þorgils frá konungs trúnaði en Þorgils vildi heimta Sturlu frá sambandi við þá Hrafn og Eyjólf. Skildu þeir frændur með engri vináttu.<sup>3</sup>

Áratug eftir þetta samtal þeirra frænda lenti Sturla í alvarlegum útistöðum við konungsvaldið. Hann hafði komist í vinfengi við Gissur Þorvaldsson og gerst lendur maður hans. Gissur veitti honum þá Borgarfjarðarhérað. Þar hafði Sturla sóst eftir yfirráðum um árabíl og þess vegna átt í útistöðum við Hrafn Oddsson sem ætlaði sér sama hlut. Árið 1261 tók Hákon konungur héraðið af Gissuri og veitti Hrafn. Með þessu var Sturla sviptur völdum án þess að neinar bætur kæmu fyrir. Varð af þessu ófriður milli Sturlu og Hrafn. Að lögum var Hrafn í fullum rétti enda hafði hann héraðið að léni hjá konungi. Sturla reyndi að ná Hrafn á sitt vald 1263, og hefur ef til vill ætlað að drepa hann, en aðförin fór út um þúfur. Hrafn gerði um málið og dæmdi

---

<sup>1</sup> Hugmyndin að þessari ritgerð kviknaði á ráðstefnu um íslenska þjóðveldið sem Liberty Fund hélt á Þingvöllum í ágúst 1999 að frumkvæði Hannesar Gissurarsonar stjórn málafræðings. Eiginkona mín, Harpa Hreinsdóttir íslenskukennari og Gunnar Harðarson heimspekingur lásu drög að ritgerðinni og hjálpuðu mér að færa ýmislegt til betri vegar. Ráðstefnugestum á Þingvöllum, Hörpu og Gunnari þakka ég skynsamlegar ábendingar og gagnlegar umræður. Síðast en ekki síst þakka ég ritstjórum Skírnis fyrir vandaðan yfirlestur og góð ráð.

<sup>2</sup> Sjá Ármann Jakobsson 1994 og 1995.

<sup>3</sup> *Sturlunga* 1988:592.

Sturlu til að fara á konungsfund. Brot Sturlu var býsna alvarlegt, hefur líkast til jafngilt landráðum eða því sem næst.<sup>4</sup>

Af Noregsför Sturlu segir í Sturlu þætti:

En er Sturla fór til skips var út kominn Hallvarður gullskór sem fyrr var ritað. Fann hann Þórð mág sinn á Þingvelli. Segir hann honum þau tíðindi að Hákon konungur væri úr landi farinn en Magnús konungur var fyrir landstjórn og drottning og Gautur af Meli. Barst Sturla það fyrir að koma sér í kærleika við þau þegar hann vissi að Hákon konungur væri úr landi því að hann uggði hans fjandskap mest.<sup>5</sup>

Sturla óttaðist fjandskap Hákonar konungs en allt fór þó á besta veg fyrir honum því hann komst í vinfengi við ríkisarfann, Magnús Hákonarson, og Hákon lést í ferð sinni og kom því aldrei til Noregs að gera um mál Sturlu. Eftir þetta var Sturla dyggur þjónn Noregskonungs og ritaði sögur þeirra Hákonar gamla og Magnúsar sem kallaður var lagabætir.

Þótt Sturla hafi verið andsnúinn Hákonni gamla um 1250 og síðar gerst brotlegur við hann er ekki þar með sagt að hann hafi verið neinn andstæðingur konungvalds eins og sumir hafa talið.<sup>6</sup> Á einhverju tímabili hefur hann ef til vill verið andsnúinn Hákonni konungi. Hann kann líka að hafa verið á báðum áttum og svo getur vel verið að afstaða hans hafi breyst eftir að hann komst í vinfengi við Magnús konung. Tengsl sögumannsins sem enn talar til okkar af blöðunum og höfundar sem er dáiinn fyrir meira en 700 árum eru flóknari en svo að við getum ráðið af æviferli Sturlu hvaða stjórnspekileg afstaða felst í Íslendinga sögu.

Um höfunda annarra sagna en Íslendinga sögu vitum við ekki. Vera má að þeir séu margir og hafi haft ólíkar stjórnmálaskoðanir. Ég leiði engum getum að hverjir þessir menn voru eða hvað þeim þótti um valdabrölt íslenskra höfðingja og Hákonar gamla. Hér verður aðeins reynt að skoða þá afstöðu sem birtist í sögunni. Hún getur verið önnur en þær skoðanir sem einstakir höfundar höfðu bæði vegna þess að sá sem steypiti sögum þeirra saman í eina heild hefur valið og hafnað og vegna hins að frásögnin er afsprengi bókmenntahefðar sem lifði sínu eigin lífi að nokkru leyti óháð einstökum höfundum.

Í næsta kafla geri ég stuttlega grein fyrir þeim stjórnmálahugmyndum sem tókust á hér á landi á 13. öld. Þar á eftir færi ég svo rök að því að Sturlunga taki afstöðu með kirkju- og konungvaldi gegn gamla íslenska goðaveldinu.

## 2. Goðaveldið og sverðin tvö

Til að skilja stjórnmálhugsunina í Sturlunga sögu þurfum við að gleyma um sinn þjóðfrelshugmyndum 19. aldar og hugmyndum 17. og 18. aldar um fullveldi, ríkisvald sem hefur endanlega lögsögu og einkarétt á valdbeitingu innan tiltekinna landamæra. Við þurfum að hafa það hugfast að sagan er hluti af kristinni menningu hámiðalda þegar stjórnmálhugsun Evrópumanna var mótuð af kenningu Gelasíusar 1. um sverðin tvö.

---

<sup>4</sup> Sjá Magnús Stefánsson 1988:160.

<sup>5</sup> *Sturlunga* 1988:763.

<sup>6</sup> Sjá t.d. Guðna Jónsson 1957:vii þar sem segir um Sturlu að hann „virðist jafnan hafa kosið sér samstöðu með þeim mönnum, er hann hugði standa eða stóðu gegn vaxandi ágengni konungvalds hér á landi, þótt hin þjóðholla stefna hans yrði að lokum að lúta í lægra haldi.“ Um hugmyndir fleiri fræðimanna í þá veru að Sturla Þórðarson hafi verið andstæðingur Noregskonungs, sjá Ármann Jakobsson 1995:171-172.

Gelasíus var páfi í lok 5. aldar. Kenning sú sem hér um ræðir og stundum er við hann kennd og kölluð gelasíanismi, er á þá leið að í þessum heimi séu tvenns konar valdhafar, andlegir og veraldlegir. Þeir standi jafnfætis, eigi að hjálpast að og hvorugir séu yfir hina settir.

Í hugum manna á 13. öld mynduðu bæði þessi valdakerfi stigveldi. Æðstur veraldlegra valdsmanna var keisari, undir honum voru kóngar og undir þeim aðalsmenn og svo koll af kolli allt niður í bændur og þar fyrir neðan vinnumenn. Efst á andlega píramíðanum var páfi, undir honum kardinálar, þá erkibiskupar, biskupar, ábótar, prestar. Neðar voru svo munkar, nunnur og almúginn. Yfir þessum tveim jarðnesku valdakerfum var svo valdakerfi himnanna, dýrlingar, englar og efst Guð almáttugur.

Þetta held ég hafi verið sú pólitíska heimsmynd sem gert var ráð fyrir við hirð þeirra Noregskonunga Hákonar gamla og Magnúsar lagabætis. Hennar gætir til dæmis í Konungs skuggsjá, sem líklega var rituð við norsku hirðina á 13. öld. Þar segir:

... þú skalt minnst á þær tvær hallir, og eru Guðs hús báðar, og er bæði kóngurinn og byskupinn þjónustumenn Guðs og gæzlumenn þeirra húsa. En eigi eru þeir eigandi til þess að kippa því nokkru frá, er fyrir öndverðu var til skipað. Nú má kóngur ekki kippa frá því húsinu, er byskupinn er yfir skipaður, fyrir því, að hvorgi skal annan ræna og ekki hernám skal millum þeirra vera. Því að einn á bæði er Guð er, og á hvor þeirra að fulltingja öðrum. Þess gat eg og fyrir þér, að Guð hafði selt í hendur kónginum refsingarvönd og svo byskupinum. ... sú er grein á sýslu þeirra kónungs og byskups, að byskupinn er skipaður að vera meistari og lærifaðir og ráðgjafi með kónginum. En kóngurinn er skipaður að vera dómari og harðindis maður í allri refsing til fullrar ógnar við alla þá, er undir honum eru. En þó hefir byskupinn eigi síður refsingarvald í hendi sér en kóngurinn. En sú er grein á því sverði, er byskupinn hefir, frá því, er kóngurinn hefir, að kónungs verð bitur jafnan, er höggvið er með, ... En byskupsins sverð bitur ei nema réttlega sé höggvið með. En ef hann heggur ranglega með því, þá verður þeim mein að, er heggur, en eigi verður þeim mein að, er fyrir verður. En ef byskupinn heggur réttlega, þá bitur það enn sárara en kónungsins sverð.<sup>7</sup>

Á ríkisárum Hákonar gamla (1217-1263) eflust bæði konungsvald og kirkjuvald í Noregi, eins og mörgum öðrum ríkjum Vestur-Evrópu, og sambúð kónungs og kirkju var með besta móti. Þessi efling konungsvalds var að nokkru á kostnað héraðshöfðingja og aðalsmanna. Sums staðar skarst í odda eins og t.d. milli Jóhanns konungs landlausa (1167-1216) og baróna á Englandi. Svipaðar deilur voru milli höfðingja og konunga í Noregi alla 12. öld og langt fram á þá 13. Yfirleitt var kirkjan fylgjandi konungsvaldinu í þessum deilum, t.d. stóð Innocentius III. páfi með Jóhanni landlausa gegn barónunum.<sup>8</sup> Sameiginleg hugmyndafræði konungsvalds og kirkju var kenningin um sverðin tvö.

Af sögu Hákonar gamla, sem rituð var af Sturlu Þórðarsyni, er ljóst að málsvarar konungsvalds álitu vald Hákonar hluta af guðlegri skipan. Í Hákonarkviðu segir Sturla t.d. að allar höfuðskepnur hafi fagnað er Hákon var krýndur og það vor hafi fuglar orpið tvisvar og aldinviður borið tvennan blóma.<sup>9</sup> Konungur var ekki bara veraldlegur höfðingi yfir Norðmönnum heldur mikilvægur tengiliður lægra settra manna við himneskan veruleika. Hann var ofar héraðshöfðingjum í stigveldinu og þar með nær því valdakerfi himnanna sem tók við af keisara og páfa.

Eflingu konungs- og kirkjuvalds fylgdi aukin miðstýring og virkara vald til laga-setningar. Gamla höfðingja- og goðaveldið gerði ráð fyrir að lög væru forn sannindi og enginn hefði vald til að setja heilu samfélagi lög. Á þjóðveldistímanum var íslenskum lögum að vísu breytt en samt var ekkert eiginlegt löggjafarvald. Í grein um

<sup>7</sup> *Konungs skuggsjá* 1955:241-243.

<sup>8</sup> Sjá. R. V. Turner 1996:177.

<sup>9</sup> Sturla Þórðarson (*Hákonar saga gamla*) 1957:41-42.

lög og lagasetningu í íslenska þjóðveldinu færir Sigurður Líndal ágæt rök fyrir því að nýmæli (þ.e. setning nýrra laga) hafi krafist einróma samþykkis allra sem lögín skyldu ná til.<sup>10</sup> En fylgismenn aukins konungsvalds á 13. öld litu á lög sem ákvörðun valdhafa, fremur en forn sannindi. Árekstur þessara tvenns konar hugmynda um lög og lagasetningu kemur vel fram í Árna sögu biskups þar sem segir frá viðskiptum Íslendinga við Loðin, sendimann Noregskonungs árið 1281:

Nú er í annan stað frá Loðin að segja. Þegar hann hafði séð ráð fyrir skipi og varnaði sínum fóru þeir herra Jón lögmaður þingum yfir landið með boðskap herra Eiríks kónigs og herra Hákonar hertoga og lét sverja þeim land og þegna hvar sem þeir fóru og létu menn skjótt til þess. /.../

Á þessu hausti og um veturinn höfðu menn séna bók þá er herra Jón fór með. Fannst mönnum svo sem margir hlutir væru í henni mjög frekir um óbótamál og aðra hluti þá sem óhentir voru landsbúinu. Biskupi þótti og margir hlutir í henni móti guðs lögum. Var það þá ráðs tekið er hún var skoðuð að lög taka hana ei alla. Rituðu þá sérhverjir það sem ei vildu sæma né játa. Voru í einn stað biskup og klerkar og vinir biskups, í öðrum stað handgengnir menn, í þriðja stað voru bændur. /.../

Þá er þetta var aktað gengu menn til lögréttu og lét hver upp það sem ritað hafði. Herra Loðinn varð við þetta mjög heitur að búkarlar gerðu sig svo digra að þeir hugðu að skipa lögum í landi, þeim sem kóngur einn saman átti að ráða. Þar næst krafði hann almenning að játa allri bók greinarlaust, hverjir svöruðu fyrir sig að þeir mundu eigi gera að tapa svo frelsi landsins. Loðinn svarar að móti að þeir áttu fyrst að já bókinni og biðja síðan miskunnar um þá hluti sem nauðsyn þætti til standa kónginn og ráð.<sup>11</sup>

Hér takast á tvenns konar hugmyndir um pólitískt vald, annars vegar þær sem ég kenni við sverðin tvö og hins vegar leifar af stjórnmálhugsun íslenska goðaveldisins.

## Heimur Íslendingasagna

Við vitum sorglega fátt um íslensk stjórnsmál á 10. og 11. öld. Íslendingasögurnar voru flestar ritaðar á seinni hluta 13. aldar og fyrri hluta þeirrar 14. og þær lýsa ef til vill fremur dagdraumum höfðinga þá en raunveruleika 10. aldar. Þær segja frá mönnum sem bera höfuðið hátt, verða vel við dauða sínum og koma stórmannlega fram við aðstæður sem mundu buga venjulegt fólk. Þeir eru mikils metnir við hirðir útlendra kóniga, eiga glæsileg vopn sem syngur í og sumir þeirra, eins og Gunnar á Hlíðarenda, mega varla reka tærnar úr fyrir landsteinana án þess að vera boðin kóngsdóttir og hálftríkið.

Sú upphafna fortíð sem við kynnumst í Íslendingasögum er á ýmsan hátt andstæða þess veruleika sem lýst er í Sturlungu. Hetjum Íslendingasagna er ekki kalt. Þær berjast með bitrum eggjum og falla með sæmd. Vigamenn í Sturlungu þvælast kaldir og svangir milli héraða, berja hver annan grjóti og hljóta áverka sem draga þá til dauða löngu seinna. Hetjur sagnanna eru fremstar meðal jafningja en viðurkenna ekkert jarðneskt yfirvald. Komi til deilna leita kappar söguheimsins ráða og stuðnings hjá vinum en leysa sín mál annars sjálfir og komast frá þeim með sæmd. Um miðbik 13. aldar gátu íslenskir höfðingjar ekki útkljáð deilumál sín sjálfir með því að semja um þau á jafnréttisgrundvelli eða leggja þau í dóm jafningja heldur urðu að leita úrskurðar konungs.

Íslendingasögur lýsa samfélagi þar sem höfðingjar og stórbændur leysa sameiginleg vandamál án þess að hafa neitt yfirvald. Sumar þeirra nefna sókn Haralds konungs hárfagra til valda yfir öllum Noregi sem orsök þess að Ísland byggðist og gefa jafnframt í skyn að það sé illt hlutskipti að búa í ríki konungs. Um konungsvald

---

<sup>10</sup> Sigurður Líndal 1984:145.

<sup>11</sup> *Sturlunga* 1988:811-813.

Haralds eru notuð stór orð eins og þrælkan, ánauð, ofríki og ójöfnuður. Í upphafi Víglundar sögu segir til dæmis:

... margir mikilsháttar menn flýðu úr Noregi ok þoldu eigi álögur konungs, þeir sem váru af stórum ættum, ok vildu heldr fyrirláta óðul sín ok frændr ok vini en liggja undir þrælkan ok ánauðaroki konungs ...<sup>12</sup>

Í Flóamanna sögu er þetta orðalag notað:

Við þetta stökk Hallsteinn undan ok út til Íslands fyrir þessum ófriði, sem þá gerðu margir gildir menn, at þeir flýðu óðul sín fyrir ofríki Haralds konungs ...<sup>13</sup>

Harðar saga og Hólmverja byrjar á þessum orðum:

Á dögum Haralds ins hárfagra byggðist mest Ísland, því at menn þoldu eigi ánauð hans ok ofríki, einkanlega þeir, sem váru stórrar ættar ok mikillar lundar, en áttu góða kosti, ok vildu þeir heldur flýja eignir sínar en þola ágang ok ójafnað ...<sup>14</sup>

Við getum látið það liggja á milli hluta að hversu miklu leyti sögurnar eru sönn lýsing á mannlífi 9. og 10. aldar. Það sem hér skiptir máli er upplýsingarnar sem þær gefa um hugmyndir íslenskra miðaldamanna um valdakerfi sjálfstæðra höfðingja og samfélagsskipan sem er ólík þeirri sem kenningin um sverðin tvö gerir ráð fyrir.

Meginmunurinn á því samfélagi og þeim valdakerfum sem lýst er í Íslendinga-sögum og þeirri samfélagsmynd sem bjó að baki hugmyndinni um sverðin tvö er sá að í heimi sagnanna vantar efsta hluta á valdapíramíðans. Æðstu menn landsins eru goðarnir og það eru engir jarlar, hertogar eða kóngar yfir þeim. Á næsta þrepi neðan við goðana eru sjálfstæðir bændur (þeir sem þingfararkaupi eiga að gegna) og þar fyrir neðan leiguliðar, vinnumenn og annað „smámenni“.

Ekki er ljóst hvort eða hvernig efri stéttirnar skattlögðu þær lægri á fyrstu öldum byggðar. Svo virðist sem höfðingjar hafi getað tekið einhvers konar skatt af landsetum sínum. Dæmi um þetta er í Hænsa Þóris sögu þar sem segir:

Blund-Ketill fór um haustit til landseta sinna ok segir, at hann vill heyleigur hafa á öllum löndum sínum: „Eigum vér margt fé ganganda, en hey fást litil. Ek vil ok ráða fyrir, hversu miklu slátrat er í haust á hverju búi allra minna landseta, ok mun þá vel hlýða.“<sup>15</sup>

Sagan segir að Blund-Ketill hafi átt þrjá tigu leigulanda.<sup>16</sup> Helst er að skilja að hann hafi komið fram við landseta sína svipað og lénsherrar gerðu í öðrum löndum. Að vísu er þetta hæpin heimild um samfélagshætti á 10. öld þegar sagan á að gerast en sýnir að þegar hún var skrifuð á 13. öld þótti eðlilegt að gera ráð fyrir að stórbændur legðu kvaðir eða skatta á leiguliða.

Goðar innheimtu líka hoftholla, sem enginn veit hvað voru háir. Ef marka má Kristni sögu, þar sem segir frá trúboði Þorvaldar víðförla, þótti sumum ómaksins vert að hliðra sér hjá að gjalda þá.

---

<sup>12</sup> Víglundar saga 1953:359.

<sup>13</sup> Flóamanna saga 1953:7.

<sup>14</sup> Harðar saga ok Hólmverja 1953:204.

<sup>15</sup> Hænsa-Þóris saga 1953:288.

<sup>16</sup> Sama rit, 283.

Ekki létu menn skírast af þeirra orðum í Vestfirðingafjórðungi, svá at menn viti þat, en í Norðlendingafjórðungi höfnuðu margir menn blótum ok brutu skurðgoð sín, en sumir vildu eigi gjalda hofþolla.<sup>17</sup>

Auk skattheimtu virðast goðar hafa haft tekjur af því að reka mál og setja niður deilur.<sup>18</sup> En þótt goðar hafi haft tekjur af lægra settum guldu þeir engum skatt. Það var enginn höfðingi þeim æðri og eins og rakið hefur verið þurftu þeir ekki að hlýða öðrum lögum en þeim sem talin voru forn sannindi eða þeir höfðu sjálfir samþykkt.

Samfélagið sem lýst er í sögunum er að nokkru leyti fegruð mynd af höfðingjavelði 12. og 13. aldar sem lýst er í Sturlungu. Sögurnar lýsa lagskiptu samfélagi þar sem goðarnir eru æðstir en allir frjálsir menn njóta verndar af lögunum og samskipti þeirra einkennast af því að þeir koma fram hver við annan sem jafningjar. Vald goða yfir bændum byggist til dæmis á einhvers konar samkomulagi, bændur gátu valið sér goða. Í heimi sagnanna er stéttaskiptingin er líka nokkuð sveigjanleg því vald goðanna er eign sem gengið getur kaupum og solum og betri bændur eiga þess stundum kost að eignast goðorð. Á Sturlungaöld er stéttaskipting í fastari skorðum og synir óbreyttra bænda geta ekki orðið goðar.<sup>19</sup>

### Tíund og kirkjugoðar

Þegar Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd á 7. áratug 13. aldar hafði þorri bænda borgað skatta kynslóð fram af kynslóð eða að minnsta kosti síðan tíund var lögtekin í biskupstíð Gissurar Ísleifssonar árið 1096 eða 1097. Þessi skattur skiptist milli biskupsstóla, kirkna, presta og þurfamanna. Goðarnir (og einstaka stórbóndi) fengu stærstan hluta skattsins því þeir áttu kirkjustaðina og önnuðust í mörgum tilvikum þurfamenn og höfðu presta sem vinnumenn og guldu þeim trúlega aðeins lítinn hluta preststíundarinnar. Sennilega hafa goðarnir annast helgihald í heiðnum sið og einfaldlega haldið því áfram eftir að kristni var lögtekin.

Staða goða gagnvart lægra settum hefur líklega ekki verið að ráði frábrugðin stöðu héraðshöfðingja eða aðals í nágrannalöndunum. Munurinn var sá að hér á landi endaði stigveldið á goðunum. Það var enginn yfir þeim og þeir guldu engum skatt og þeir fóru bæði með andlegt vald og veraldlegt.

Í byrjun 12. aldar var Gissur biskup voldugasti höfðingi landsins „ok var rétt at segja, at hann var bæði konungr ok byskup yfir landinu, meðan hann lifði.“<sup>20</sup> Gissur naut stuðnings öflugustu manna og styrkti bæði kristnina og goðaveldið. Fram yfir miðja 12. öld var gott samstarf milli helstu höfðingja og biskupsstólanna, enda voru biskupar nátengdir Haukdælum og Oddaverjum. Undir forystu þeirra var kirkjan aðlöguð goðaveldinu og úr varð það sem kallað hefur verið kirkjugoðaveldi. Það náði hámarki á dögum Klængs biskups (1152-1176). Hann barst meira á en fyrirrennarar hans og var í miklu vinfengi við helstu höfðingja, einkum Jón Loftsson.

Tólfta öldin var öld kirkjugoðanna. Svo virðist sem stjórnskipanin hafi verið þokkalega stöðug, sæmilegur friður ríkti og lögin gegndu því hlutverki sínu að koma í veg fyrir að árekstrar og misklíð yrðu að stigvaxandi átökum. Á 13. öld var friðurinn úti og goðaveldið rann sitt skeið á enda. Um orsakir þessa ófriðar hefur margt verið ritað. Birgir Þór Runólfsson (1993) hefur sett fram þá tilgátu að með tíund hafi goðaveldið orðið óstöðugt því menn fóru að græða á því að auka veldi sitt og ná undir

<sup>17</sup> Kristni saga 1953:248. Í Vápnfirðinga sögu (1953:29) er þó gefið í skyn að menn hafi munað lítið um að gjalda hofþolla.

<sup>18</sup> Um þetta hefur Jesse L. Byock fjallað. Sjá Byock 1988, 5., 8. og 9. kafla.

<sup>19</sup> Sjá Jón Viðar Sigurðsson 1993:281-282.

<sup>20</sup> Hungrvaka 1953:10.

sig mörgum goðorðum. Þetta getur skýrt þrætur höfðingja um yfirráðasvæði. Það er trúlega meira á því að græða fyrir höfðingja að stækka yfirráðasvæði sitt þegar skattheimta er í föstum skorðum. Samruni margra goðorða í stærri heildir var þó líklega hafin á Austfjörðum fyrir lögtöku tíundar.<sup>21</sup> Að einhverju leyti hefur þetta sjálfsagt gerst þannig að um leið og einn goði varð ögn öflugri en hinir sömdu æ fleiri bændur við hann um vernd því besta vörnin er að hafa hinn öflugasta með sér.

Hvort sem það var út af tíundinni eða einhverju öðru runnu goðorð í öðrum landsfjórðungum saman í stærri heildir á 12. öld og í upphafi þeirrar 13. Á endanum voru öll 39 goðorðin í höndum 5 ætta og landið skiptist í raun í nokkur ríki þar sem fáeinir stórbokkar réðu lögum og lofum. Þegar hér var komið sögu var goðaveldinu ógnað af kröfum kirkjunnar um yfirráð yfir kirkjustöðum og tíund. Kirkjan sem hafði fært goðunum auknar skatttekjur snerist gegn þeim og hafði norska kónginn á sínu bandi. Árið 1190 bannaði erkibiskup að goðar væru vígðir til prests og þar með var mikilvægt skref stigið í þá átt að greina sundur andlegt vald og veraldlegt. Ef til vill reyndu einhverjir höfðingjar að standa gegn þessari þróun en þeir öflugustu sáu væntanlega að lítið vit væri að eiga í illdeilum við kirkjuna, eina vonin um áframhaldandi auð og völd var bandalag við norsku krúnuna. Með konung að bakhjarli var hægt að halda áfram að skattleggja lýðinn án þess að fá kirkjuna á móti sér.

Milli kóns og íslensks goða hlaut að vera að minnsta kosti eitt þrep í stigveldi hins veraldlega valds. Ættirnar sem áður höfðu barist um yfirráð yfir goðorðum og kirkjusóknum á Íslandi tóku nú að berjast um rúm á því þrepi. Á fyrri hluta 13. aldar voru goðarnir flestir, ef ekki allir, handgengnir Noregskonungi- íslenskir höfðingjar voru farnir að viðurkenna vald Noregskonungs og hinnar alþjóðlegu kirkju.<sup>22</sup> Baráttan milli þeirra fór að snúast um að tryggja stöðu sína í því nýja valdakerfi sem var að verða til hér á landi, valdakerfi í anda kenningarinnar um sverðin tvö.

Sé þessi túlkun mín á sögunni rétt hafa orðið veruleg umskipti í stjórnmalahugsun íslenskrar yfirstéttar á fyrri helmingi 13. aldar.

\*

Í valdakerfi kirkjugoðanna var ekkert rúm fyrir þá aðgreiningu milli veraldlegs og andlegs valds sem kenningin um sverðin tvö gerði ráð fyrir. Kirkjugoðaveldið fékk að þróast hér fram yfir miðja 12. öld vegna þess að alþjóðlegt vald kirkju og kónga náði ekki hingað. Ísland var ekki hluti þeirra alþjóðlegu valdapíramíða sem enduðu hjá keisara og páfa í þessum heimi og héldu svo áfram á hinnum. Á þessu varð breyting um miðja 12. öld eftir að erkibiskupsstóll var settur í Niðarósi og undir hann féllu auk Noregs, Færeyjar, Ísland, Orkneyjar og Mön. Erkibiskupinn í Niðarósi reyndi að framfylgja kirkjvaldsstefnu þeirri sem ríkti sunnar í álfunni og koma íslensku kirkjunni á sinn stað í alþjóðlegu valdakerfi. Framan af varð honum lítt ágengt vegna deilna við krúnuna en með valdatöku Hákonar gamla árið 1217 tókst góð samvinna með kirkju og kóngi og erfiðara varð að standa gegn þeim boðskap erkibiskups að kirkjan skyldi vera sjálfstæð gagnvart veraldlegu valdi og hafin yfir valdabaráttu og hagsmunapot höfðingja.

Helstu talsmenn þessarar nýju stefnu hér á landi voru Þorlákur Þórhallsson Skálholtsbiskup, á seinni hluta 12. aldar, og Guðmundur Arason Hólabiskup, á fyrri hluta 13. aldar. Að alþýða manna hafi, þegar á 13. öld, talið Þorlák og Guðmund helga menn, og þeir séu jafnvel álitnir það enn þann dag í dag, segir sína sögu um

<sup>21</sup> Þessum samruna er lýst í ritum Jóns Viðars Sigurðssonar frá 1989 og 1993.

<sup>22</sup> Um viðurkenningu höfðingja af ætt Sturlunga á valdi kirkjunnar sjá Helga Þorláksson 1982.

áróðursstöðu kirkjunnar. Trúlega var Kristi ekki minna lið í Gissuri Ísleifssyni. Það var hann sem öðrum fremur festi kristinn dóm í sessi hér á landi. En hann var maður höfðingja- og goðaveldis fremur en keisara og páfa og er því ekki talinn helgur maður.

Voldugasti kirkjugoði 12. aldar var Jón Loftsson (1124-1197). Í Oddaverja þætti segir frá deilum hans við Þorlák biskup. Svo virðist sem Jón Loftsson hafi verið ákveðinn í að verja það íslenska höfðingjavelði sem hann var fulltrúi fyrir og orð sem eftir honum eru höfð benda til að hann hafi haldið fram stjórnmalahugsun í anda þess. Hann gerði greinarmun á höfðingjum og „skillitlum mönnum“ eins og fram kemur þegar hann er beðinn liðveislu af vandamönnum höfðingjans Einaris Þorgilssonar. En konur og ungir piltar af lágum stigum urðu honum að bana.

Yngvildur var með Þorvaldi þá er Einar var veginn og sótti hún hann að eftirmáli. Þorvaldur fór á fund Jóns Loftssonar og leitaði ráða og liðveislu.

Jón svarar: „Það eitt var vinfengi okkað Einar að mér er fyrir þá sök engi vandi á þessu máli. En þó þykir mér í óvænt efni komið ef það skal eigi rétta er skillitlir menn drepa niður höfðingja og vil eg því heita þér minni liðveislu of þetta mál þá er til þings kemur.“<sup>23</sup>

En þótt Jón geri greinarmun á höfðingjum og „skillitlum mönnum“ viðurkennir hann hvorki sjálfstæði kirkjunnar né vald hennar yfir sér og sínum líkum og hann talar eins og valdið helgist af eignarrétti eins og það gerir í heimi Íslendingasagnanna. Að hans hyggju eru kirkjugoðar æðstu menn samfélagsins. Þessi skoðun birtist í orðaskiptum Jóns og Þorláks biskups í Oddaverja þætti. Jón ætlaði að fá biskup til að vígja nýja kirkju sem hann hafði látið byggja að Höfðabrekku:

Herra biskup spurði ... hvárt Jón hefði heyrðan erkibyskupsboðskap um kirknaeignir.

Jón svaraði: „Heyra má ek erkibyskupsboðskap, en ráðinn em ek í at halda hann at engu, ok eigi hygg ek, at hann vili betr né viti en mínir forellrar, Sæmundr inn fróði ok synir hans. Mun ek ok eigi fyrir dæma framferði byskupa várna hér í landi, er sæmdu þann landssið, at leikmenn réðu þeim kirkjum, er þeira forellrar gáfu guði ok skildu sér vald yfir ok sínu afkvæmi.“

Byskup svaraði slíkum skynsemdum sem fyrir váru lesnar ok mörgum öðrum, svá segjandi: „Vel veizt þú þat, Jón, ef þú vilt sönnu fylgja, at byskup á kirkjueignum at ráða ok tíundum eftir setningum postulanna ok annarra heilagra feðra, ok því, at leikmenn megu ekki yfir þeim hlutum vald eignast, ... eru þeir bannsetjandi, sem tíundum eða guðs eignum halda með þrjózku móti byskupa vilja ok samþykki.“

Jón svaraði: „Þér meguð kalla þann bannsettan, sem þér vilið, en aldri mun ek í yðvart vald já minni eign undan mér, minni kirkju eða meiri, þeiri sem ek hefði vald yfir.“<sup>24</sup>

Snorri Sturluson var í föstri hjá Jóni Loftssyni. Af ritum Snorra má ráða að hann hafi hugsað um stjórnmal á svipuðum nótum og Jón. Egils saga, sem er að líkindum samin af Snorra, túlkar hugsjónina um sjálfstæða höfðingja. Um þetta segir Vésteinn Ólason:

Hugmyndafræði Egils sögu er skýr, hún miklar hinn frjálsa bændahöfðingja. Skýrleiki hugmyndafræðinnar gæti bent til að þessari hugmyndafræði, eða því þjóðfélagi sem hún bar uppi, hafi verið ógnað þegar sagan var saman sett. Svo skýru ljósi verður naumast varpað á aðstæður nema þær séu að nokkru leyti séðar utan frá, eða af þeim sem veit að annað er til.<sup>25</sup>

Í Heimskringlu segir Snorri sögu hinna fyrstu Noregskonunga en hetjur sögunnar eru ekki kóngarnir heldur höfðingjarnir sem stóðu uppi í hárinu á þeim, menn eins og

---

<sup>23</sup> *Sturlunga* 1988:182.

<sup>24</sup> Oddaverja þáttur 1953:137.

<sup>25</sup> Vésteinn Ólason 1998:163.



Erlingur Skjálgsson og Hrærekur Dagsson, sem endaði ævina á bænum Kálfskinni í Eyjafirði. Í frásögn sinni af þessum mönnum er Snorri öðrum þræði að tala máli föstra síns gegn þeim sem héldu fram hugmyndinni um sverðin tvö:

Þá segir Hrærekur /.../ En er Ólafur [Tryggvason] þóttist fullkominn að ríki þá var fyrir honum engi maður sjálfráði. Gekk hann við freku að við oss smákonungana að heimta undir sig þær skyldir allar, er Haraldur hinn hárfagri hafði hér tekið, og enn sumt frekara en að síður voru menn fyrir honum sjálfráða að engi réð á hvern guð trúa skyldi. En er hann var frá landi tekinn þá höfum vér nú haldið vináttu við Danakonung og höfum vér af honum traust mikið haft um alla hluti er vér þurfum að krefja en sjálfræði og hóglífi innanlands og ekki ofríki.<sup>26</sup>

Erlingur Skjálgsson gerði um sumarið brullaup sitt og var þar allmikið fjölmenni. Þar var Ólafur konungur. Þá bauð konungur að gefa Erlingi jarldóm.

Erlingur segir svo: „Hersar hafa verið frændur mínir. Vil eg ekki hafa nafn hærra en þeir. Hitt vil eg þiggja konungur af yður að þér látið mig vera mestan með því nafni hér í landi.“<sup>27</sup>

Það er eins og Hrærekur álíti kónga heldur til óþurftar og Erlingur virðist hafa talið lítinn sóma að þiggja nafnbót af konungi, hann vildi vera fremstur meðal jafningja og ekkert umfram það.

Heimskringla er full af tilsvörum, ræðum og hálfkveðnum vísum sem gera lítið úr konungum en hampa sjálfstæðum höfðingjum. Þar er ekki haldið fram neinum rökum með konungsveldinu, sögupersónum þvert á móti lögð í munn rök gegn því:

Þá svarar Einar [Þveræingur]: „Því em ek fāræðinn um þetta mál að engi hefir mig að kvatt. En ef eg skal segja mína ætlan þá hygg eg að sá muni til vera hérlandsmönnum að ganga eigi undir skattgjafir við Ólaf konung [Haraldsson] og allar álögur hér, því líkar sem hann hefur við menn í Noregi. Og munum vér eigi það ófrelsi gera einum oss til handa heldur bæði oss og sonum vorum og allri ætt vorri þeirri er þetta land byggir og mun ánauð sú aldregi ganga eða hverfa af þessu landi. En þótt konungur sjá sé góður maður, sem eg trúi vel að sé, þá mun það fara héðan frá sem hingað til þá er konungaskipti verður að þeir eru ójafnir, sumir góðir en sumir illir. En ef landsmenn vilja halda frelsi sínu því er þeir hafa haft síðan er þetta land byggðist þá mun sá til vera að ljá konungi einskis fangstaðar á, hvorki um landa eign hér né um það að gjalda héðan ákveðnar skuldir þær er til lýðskyldu megi metast.“<sup>28</sup>

Á tíma Jóns Loftssonar gátu höfðingjar enn staðið í kirkju og kóngi en þegar kemur fram á 13. öld er goðaveldið á fallanda fæti. Snorri gat látið Hrærek, Erling og Einar flytja málsvörn hins sjálfstæða höfðingja sem krefst trúfrelsis og vill ekki hafa neinn kóng yfir sér en hann gat ekki staðið uppi í hárinu á hinu nýja valdi eins og Jón Loftsson. Þegar hann reyndi það var hann einfaldlega tekinn af lífi.

Mér er ekki ljóst að hve miklu leyti hugmyndir Jóns Loftssonar og Snorra Sturlusonar eiga sér samsvörun hjá talsmönnum höfðingjavalds í öðrum löndum. Ef allt sem Snorri segir um Erling Skjálgsson og hans líka í Noregi er satt þá hafa norskir höfðingjar á 11. öld hugsað á svipuðum nótum. Stjórnmalahugsun íslenskra höfðingja gæti átt rætur í Noregi. Hún gæti líka hafa sprottið úr íslenskum jarðvegi eða verið sótt til Bretlandseyja. Guðmundur J. Guðmundsson hefur bent á samkenni goðaveldisins á Íslandi og ættflokkasamfélagsins á Írlandi. Bæði samfélögin höfðu sameiginleg lög en skiptust þó í smáar einingar eða smáríki með fremur veiku miðstjórnarvaldi. Yfir hverri einingu var höfðingi sem hafði bæði veraldleg og andleg völd.<sup>29</sup> Vera má að hliðstæður sé að finna víðar á Bretlandseyjum. Forvitnilegt væri

<sup>26</sup> Snorri Sturluson (*Heimskringla*) 1991:281-282.

<sup>27</sup> Sama rit, 207.

<sup>28</sup> Sama rit, 406.

<sup>29</sup> Guðmundur J. Guðmundsson 1993:117.

t.d. að bera hugmyndir í Eglu og Heimskringlu saman við rök barónanna sem neyddu Jóhann konung landlausa til að undirrita Magna carta.

### **Stjórnmalahugsun goðaveldisins og kenningin um sverðin tvö - samantekt**

Hér hefur verið gerð grein fyrir tvenns konar stjórnmalahugmyndum sem tókust á hér á landi á 12. og 13. öld. Annars vegar er hugmyndafræði goðaveldisins sem gerir ráð fyrir að:

- a) Efsta lag samfélagsins sé hópur höfðingja. Ekkert yfirvald sé þeim æðra og þeir taki skatt af lægra settum en þurfi ekki að greiða neinum yfirboðurum skatt.
- b) Þeir séu jafningjar og óbundnir af öðrum lögum en fornum sannindum og eigin samþykki.
- c) Höfðingjar hafi forræði bæði í andlegum málum og veraldlegum.
- d) Vald þeirra byggist að hluta á eignarrétti og að hluta á samkomulagi við undirmenn. Það er seljanlegt eins og hver önnur eign.

Gegn þessari hugmyndafræði tefldu menn kirkju- og konungs fram hugmyndinni um alþjóðlega valdapíramíða og sverðin tvö. Megindrættir þessarar hugmyndafræði eru:

- a) Í þessum heimi eru tveir sjálfstæðir valdapíramíðar sem standa hlið við hlið og eiga að styðja hvor annan. Þetta eru veraldlegt vald og andlegt vald. Á tindi þess fyrnefnda er keisarinn og efst á hinum trónir páfinn.
- b) Þessi tvö valdakerfi ná yfir allan hinn kristna heim.
- c) Veraldlegir höfðingjar, eins og íslensku goðarnir, eru settir undir konung og eiga að hlýða honum. Þeir eru bundnir af lögum og skipunum æðri manna hvort sem þeir hafa léð til þess samþykki sitt eða ekki.
- d) Veraldlegir höfðingjar hafa ekki vald í málefnum kirkjunnar og eignarréttur þeirra á kirkjustöðum skal víkja fyrir valdi biskupa.

Á 12. og 13. öld tókust þessar tvenns konar hugmyndir um valdstjórn og samfélagskipan á hér á landi. Íslendingasögur, a.m.k. sumar, birta fegraða mynd af samfélagskipan í anda hugsjónarinnar um höfðingjavelði. Þær eru því að nokkru leyti tilraun til að réttlæta hana. En hugsjónin um sverðin tvö var að vinna á og sögumaður Sturlunga sögu er á bandi hennar.

### **3. Afstaða Sturlunga sögu**

Sturlunga saga er löng, flókin og torræð á köflum. Rök fyrir því að hún flytji tiltekinn pólitískan boðskap hljóta því að taka einstök atriði út úr. Það er engin leið að gera grein fyrir því hvernig þessi boðskapur birtist kafla fyrir kafla út alla söguna. Hér mun ég rökstyðja túlkun mína með tilvísun til fimm atriða í sögunni. Þau eru:

1. Lýsingin á Gamla sáttmála.
2. Afstaðan til Snorra Sturlusonar.
3. Sturla Sighvatsson og Örlygsstaðabardagi.
4. Dálæti sögumanns á Guðmundi biskupi Arasyni.
5. Draumar eftir Flugumýrabrennu.

## Lýsingin á Gamla sáttmála

Í Þorgils sögu skarða er atburðum sem gerðust árið 1244 lýst með orðunum:

... í þann tíma hélt Hákon konungur mörgum ríkra manna sonum í Noregi því að hann hafði mjög í huga að fá skatt af Íslandi.<sup>30</sup>

Og því er Ísland komst undir vald Hákonar tveim áratugum síðar er lýst með orðunum:

Gekk þá skattur yfir land ...<sup>31</sup>

og í Íslendinga sögu með orðunum:

Var á því þingi svarinn skattur Hákonu konungi ...<sup>32</sup>

Sturlunga saga lýsir valdatöku Hákonar gamla ekki sem missi þjóðlegs sjálfstæðis, ekki sem breytingu úr samfélagi án ríkisvalds í samfélag með ríkisvaldi og ekki heldur sem viðurkenningu á valdi Noregskonungs. Aðeins er tekið fram að landsmenn hafi tekið að greiða konungi skatt. Sennilegasta ástæða þessa er sú að Sturlunga gerir ráð fyrir kenningunni um sverðin tvö og að Noregskonungur hafi verið yfirmaður íslenskra höfðingja og konungur landsins löngu fyrir daga Gamla sáttmála.

Í Hákonar sögu gamla tíundar Sturla Þórðarson orð Vilhjálms nokkurs kardinála:

Þetta sumar [1247] var vígðr til biskups Heinrekr Kársson til Hólastaðar á Íslandi. Vilhjálmur cardinalis sagði það ósannligt, at Ísland þjónaði eigi undir einn konung sem öll önnur lönd í veröldu.<sup>33</sup>

Af þessum orðum er helst að skilja að árið 1247 hafi Ísland ekki þjónað undir neinn konung. Ekki er þar með útilokað að menn hafi álitid Hákona gamla réttan yfirmann íslenskra höfðingja. Að Hákon „hafði mjög í huga að fá skatt af Íslandi“ árið 1244 bendir til að kóngsmenn þessa tíma hafi álitid Ísland eðlilegan hluti af yfirráðasvæði Noregskonungs þó landsmenn þjónuðu ekki undir hann. Í þeirra augum hefur Ísland þá verið eins og Villta vestrið var eitt sinn í augum bandarískra stjórnmalamanna, hluti af ríkinu þó illa gengi að fá íbúana til að þjóna undir stjórnvöld.

Þessi skilningur á hugmyndum Sturlungu og Hákonar sögu um konungsvald á Íslandi fyrir daga Gamla sáttmála kemur heim við orð þau sem höfð eru eftir Jóni Ögmundssyni í sögu hans sem rituð var á latínu af Gunnlaugi Leifssyni munki í byrjun 13. aldar, en síðar þýdd á íslensku. Þau benda til að þegar á öndverðri 13. öld hafi sumir álitid að Íslendingar væru með einhverjum hætti þegnar Noregskonungs. Tilefnið er að íslenskur maður hefur vegið hirðmann Magnúsar Ólafssonar góða. Hann var í haldi og Íslendingar sem staddir voru í Noregi brutust inn í fangelsið og hjálpuðu honum að flýja. Á þingi segir einn konungsmanna, Sigurður ullstrengur:

Nú er slíkt ódádaverk mikil og stórra hefnda fyrir vert, ok er eigi at bættu, þó at tíu séu drepnir íslenzkir fyrir einn norrænan ok refsí þeim svá sína dirfið, at þeir tóku mann úr konungsvaldi.<sup>34</sup>

---

<sup>30</sup> *Sturlunga* 1988:577.

<sup>31</sup> Sama rit, 744.

<sup>32</sup> Sama rit, 751.

<sup>33</sup> Sturla Þórðarson (*Hákonar saga gamla*) 1957:335.

<sup>34</sup> Gunnlaugur Leifsson (*Jóns saga helga*) 1953:13.

Nokkru síðar ávarpar Jón Ögmundsson konung og segir:

... fjandinn mælti fyrir munn þeim, er í fyrstu talaði, svá segjandi: Nú er veginn einn konungsmaðr, en makligt væri, at drepnir væri tíu íslenzkir fyrir einn norrænan. En hugsíð um þat, góðr herra, at svá erum vér Íslendingar yðrir menn sem þeir, er hér eru innanlands, ...<sup>35</sup>

Þessi saga sýnir að þótt Íslendingar hafi talið sig hafa skyldur við landa sína umfram aðra menn og lítið að nokkru á sig sem sérstaka þjóð þá hafi þeir, a. m. k. sumir, álitíð sig menn Noregskonungs.

Þetta er í dúr við þær hugmyndir sem hér eru kenndar við sverðin tvö og gera ráð fyrir að allt vald í hinum kristna heimi myndi tvo píramíða. Á 12. öld vöndust Íslendingar því að líta á erkibiskup sem yfirmann kirkjunnar og íslensku biskupstólana sem hluta af alþjóðlegu valdakerfi. Það lá því beint við að skoða veraldlegt vald einnig sem hluta alþjóðlegs kerfis og hugsa sem svo að landið væri ekki almennilegur hluti af guðs kristni nema það væri undir yfirráðum Noregskonungs.

### Afstaðan til Snorra Sturlusonar

Sögumanni Sturlungu liggur heldur illt orð til Snorra Sturlusonar. Sturla Þórðarson, höfundur Íslendinga sögu, var bróðursonur Snorra og var í einhvers konar læri hjá honum um 1235. Þá var Sturla rúmlega tvítugur.

Þeir frændur Snorri og Sturla eru mestu sagnfræðingar aldarinnar. Báðir voru friðarins menn og lítið fyrir vopnaskak. Vera kann að hagsmunir þeirra og vina þeirra hafa stundum rekist á í öllum þeim illdeilum sem settu svip á öldina en ekkert í frásögn Sturlungu bendir til að Sturlu ætti af þeim sökum að vera verr til Snorra en annarra frænda sinna. Neikvæð afstaða til Snorra verður því tæplega skýrð með tilvísun til einstakra atburða.

Lítið álit sögumanns á Snorra birtist víða. Hann er t.d. allt annað en skörulegur í 183. kafla þegar þingmenn hans hlusta ekki á hann og „[e]ngi hirti hvað er hann sagði“<sup>36</sup>. Snorra er að vísu hrósað fyrri skáldagáfu og hagleik<sup>37</sup> en lítið gert úr stjórnvísu hans og stundum er hann nánast spaugilegur t.d. þegar Sunnlendingar snúa út úr kvæðinu sem hann orti um Skúla jarl.<sup>38</sup> Snorri er líka tvístígandi og hálf rolulegur þegar Oddaverjar deila við Haukdæli. Hann lofar þeim fyrrnefndu fyrst liðsinni en hættir svo við þegar Sighvatur bróðir hans talar hann til. Sighvatur gerir svo stólpagrín að Snorra þegar hann segir frá þessu.

En Sighvatur segir að Snorri hefði öxi reidda um öxl svo hvassa að hann ætlaði að hvatvetna mundi bíta þá er þeir fundust. „Síðan tók eg hein úr þússi mínum og reið eg í eggina svo að öxin var svo slæ að hló á móti mér áður við skildum.“<sup>39</sup>

Fleira mætti tína til sem sögumaður Sturlungu segir og segir ekki til þess að gera lítið úr höfðingjanum, sagnamanninum og stórskáldinu Snorra Sturlusyni. Nærtækasta skýringin á þessu er stjórnmalaskoðanir Snorra. Hann var talsmaður goðaveldisins og eins og áður er rakið birta rit hans meðvitaða andstöðu við stjórnmalahugsjónir Sturlunga sögu.

---

<sup>35</sup> Sama rit, 14.

<sup>36</sup> Sturlunga 1988:248.

<sup>37</sup> Sjá t.d. sama rit, bls. 254, þar sem segir: „Hann gerðist skáld gott og var hagur á allt það er hann tók höndum til...“.

<sup>38</sup> Sama rit, 264.

<sup>39</sup> Sama rit, 269-270.

Að vísu var Snorri handgenginn konungi.

Gaf Hákon konungr honum lends manns nafn. Töluðu þeir [Skúli] jarl margt um mál manna á Íslandi. Var þá fyrsta sinni rætt af jarli, at Snorri skyldi koma landinu undir Hákon konung.<sup>40</sup>

En hverju sem Snorri hefur lofað þeim Hákon konungi og Skúla jarli varð hann ekki til að efla vald konungs á Íslandi.

En engu kom Snorri áleiðis við landsmenn. Flutti hann ok lítt.<sup>41</sup>

### Sturla Sighvatsson og Örlygsstaðabardagi

Lýsingin á Sturlu Sighvatssyni er alger andstaða við lýsinguna á Snorra. Hann er aðalhetja sögunnar. Samt gerði Sturla ýmislegt misjafnt t.d. þegar hann fór að Hvammi 27 eða 28 ára gamall og tók hús á Þórði föðurbróður sínum og föður söguhöfundarins Sturlu Þórðarsonar,<sup>42</sup> réðst ásamt Sighvati föður sínum og her manns á Guðmund biskup Arason og menn hans úti í Grímsey,<sup>43</sup> drap syni Þorvalds Vatnsfirðings þó hann hafi heitið þeim griðum<sup>44</sup> og lét meiða Órækju Snorrason.<sup>45</sup> Þrátt fyrir þessi verk andar hvergi köldu til hans af síðum sögunnar heldur er þvert á móti gefið til kynna að hann sé afbragð annarra manna t.d. þegar hann fer suður til Rómar og er leiddur þar milli höfuðkirkna.

Sturla fékk lausn allra sinna mála í Rómaborg og föður síns og tók þar stórar skriftir. Hann var leiddur á millum allra kirkna í Rómaborg og ráðið fyrir flestum höfuðkirkjum. Bar hann það drengilega sem líklegt var en flest fólk stóð úti og undraðist, barði á brjóstið og harmaði er svo fríður maður var svo hörmulega leikinn og máttu eigi vatni halda bæði konur og karlar.<sup>46</sup>

Sturlu er lýst sem sannkristnum og sáttfúsnum höfðingja.<sup>47</sup> Þegar hann brýtur af sér eða gerir eitthvað rangt viðurkennir hann yfirsjón sína. Þetta kemur t.d. fram þegar gert er um mál eftir aðförina að Þórði í Hvammi.

Um vorið eftir luku þeir gerðum upp Þorlákur Ketilsson og Böðvar á Þorbergsstöðum. Þeir gerðu sex tigu hundraða þriggja alna aura fyrir fjórráð við Þórð en tuttugu hundrað til handa hvorum hinna er sár var orðinn en þrjú hundruð fyrir hvern þann er fór í Hvamm.

Sturla svarar svo gerðum þessum: „Eigi er of mikið gert til handa sáramönnum og það skal vel gjalda og það mun sannara að bæta fyrir flesta þá menn er fóru *fólskuferð* þessa með mér. En fyrir fjórráð kallast eg eigi eiga að bæta Þórði föðurbróður mínum því að eg vildi eigi dauða hans sem eg lýsti fyrir mínum mönnum en eigi mun eg deila við hann héðan frá um fé það er við höfum eigi orðið ásáttir hér til, Glerárskóga og annað fé.“<sup>48</sup>

Myndin af Sturlu sem kristilegum höfðingja er dregin sterkustum dráttum rétt fyrir fall hans í Örlygsstaðabardaga þar sem hann er látinn fasta og segja:

---

<sup>40</sup> Sturla Þórðarson (Hákonar saga gamla) 1957:70.

<sup>41</sup> Sama rit, 71.

<sup>42</sup> *Sturlunga* 1988:300-302.

<sup>43</sup> Sama rit, 275-278.

<sup>44</sup> Sama rit, 338-343.

<sup>45</sup> Sama rit, 381.

<sup>46</sup> Sama rit, 351.

<sup>47</sup> Um lýsinguna á Sturlu sem kristilegri hetju sjá Úlfar Bragason 1986.

<sup>48</sup> *Sturlunga* 1988:303-304. (Skáletrun mín.)

„Mikinn mun ætla eg þess vera með oss frændum hvern veg það er gefið. Ef þeir hafa vald yfir mér, frændur mínir, þá hygg eg að mér sé dauðinn einn ætlaður en það veit guð með mér þó að eg eigi vald á þeim að engis þeirra blóði skal eg út hella.“<sup>49</sup>

Rétt fyrir orrustuna tók hann svo „rollu úr pungu sínum og söng af bænir sínar og söng Ágústínusbæn meðan liðið bjóst.“<sup>50</sup>

Sturla Sighvatsson er aðalhetja Sturlunga sögu. Við megu ekki láta það villa okkur sýn þótt samúðin sé með fórnarlömbum hans þegar hann beitir ofbeldi. Í Sturlungu er samúðin alltaf með fórnarlömbum ofbeldis fremur en þeim sem beita því.<sup>51</sup> Manndráp eru aldrei hetjuleg, það er enginn ljómi af hermennsku og vopnaburði. Andúð sögumanns á ofbeldi er alger jafnvel þótt það beinist gegn hinum verstu mönnum. Þegar Sturla hefnir sín á sonum Þorvaldar Vatsnfirðings fyrir níðingsverkin sem þeir unnu á heimilisfólki hans að Sauðafelli er samúðin t.d. með þeim bræðrum og það án þess að á nokkurn hátt sé reynt að fegra eða réttlæta Sauðafellsför.<sup>52</sup>

Sögumaður Sturlungu vill ekki að ofbeldis sé hefnt með enn frekari ofbeldisverkum. Þessi friðarhugsjón birtist víða í sögunni, til dæmis eftir Flugumýrabrennu. Frá henni segir í Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar. Þótt vinir Sturlu og tilvonandi tengdasonur hafi brunnið inni á Flugumýri og dóttir hans verið hætt komin gerir hann ekki aðra athugasemd frá eigin brjósti en þessa:

Þessi tíðindi spurðust brátt og þótti öllum vitrum mönnum þessi tíðindi einhver mest hafa orðið hér á Íslandi sem guð fyrirgefi þeim er gerðu með sinni miklu miskunn og mildi.<sup>53</sup>

Sturla Sighvatsson beitir að vísu ofbeldi en hann er látinn viðurkenna yfirsjónir sínar og bæta fyrir þær. Með suðurgöngu sinni, árið 1233, viðurkenndi hann páfavaldið í verki og í þeirri ferð kynntist Sturla bæði Páli biskupi á Hamri í Noregi og Hákonu konungi „og töluðu þeir konungurinn og Sturla jafnan.“<sup>54</sup> Ætla má að þá hafi Sturla kynnst stjórnmalahugsun hirðarinnar.

Eftir fall Sturlu á Örlygsstöðum segir:

Þá er tíðindi þessi komu til Noregs um haustið þótti hinn mesti mannskaði eftir þá feðga því að þeir voru mjög vinsælir af kaupmönnum og öðrum landsmönnum. Hákon konungur var og mikill vin Sturlu því að það var mjög talað að þeir Sturla hefðu þau ráð gert að hann skyldi vinna land undir Hákonu konung en konungur skyldi gera hann að höfðingja yfir landinu.<sup>55</sup>

Skýringin á misjöfnum eftirmælum þeirra frænda og stórhöfðingja Snorra Sturlusonar og Sturlu Sighvatssonar er líklega sú helst að Sturla gekk erinda konungsvaldsins en Snorri var því andsnúinn, Sturla viðurkenndi sverðin tvö en Snorri var maður goðaveldisins. Það eru engir válegir fyrirboðar fyrir víg Snorra en fyrir Örlygsstaðabardaga eru margir „stórdraumar á landinu víða bæði fyrir norðan land og sunnan.“<sup>56</sup>

<sup>49</sup> Sama rit, 408.

<sup>50</sup> Sama rit, 417.

<sup>51</sup> Um friðarhugsjónina sem birtist í Íslendinga sögu, sjá Ármann Jakobsson 1994.

<sup>52</sup> Ítarlega umfjöllun um þetta er að finna hjá Ármanni Jakobssyni 1994, bls. 63 o. áf.

<sup>53</sup> *Sturlunga* 1988:642.

<sup>54</sup> Sama rit, 351.

<sup>55</sup> Sama rit, 425. Sjá einnig Sturla Þórðarson (Hákonar saga gamla) 1957:208.

<sup>56</sup> Sama rit, 403.

Skoðanir sögumanns birtast ekki hvað síst í draumum, fyrirboðum og lausavísum. Í Íslendinga sögu eru draumvísur fyrir Örlýgsstaðabardaga alls 22 og allar heldur óhugnanlegar. Þessi er ein:

Varist þér og varist þér,  
vindr er í lofti.  
Blóði mun rigna  
á berar þjóðir.  
Þá munu oddr og egg  
arfi skipta.  
Nú er hin skarpa  
skálmöld komin.<sup>57</sup>

Slíkur fjöldi stórdrauma, válegra fyrirboða og kviðlinga á sér enga hliðstæðu annars staðar í Sturlungu. Næst flestar eru vísurnar eftir Sauðafellsför þegar ráðist var á heimili Sturlu. Þær undirstrika hvílíkt fólksuverk Vatnsfirðingar unnu þar en þær tengjast ekki draumum.

Með Örlýgsstaðabardaga er veldi Sturlu brotið á bak aftur og í bili komið í veg fyrir að Ísland verði partur af veldi Noregskonungs. Lýsingin á Sturlu sem kristinni hetju og draumar fyrir bardagann undirstrika að hann var engin venjuleg senna, þar tókust á gamla goðaveldið og nýr tími alþjóðlegs valds kónga og kirkju. Afstaða sögumanns er augljós. Sturla gengur erinda guðs og fyrir fall hans dreymir menn illa um allt land.

\*

Forvitnilegt er að skoða frægt samtal þeirra feðga Sighvats og Sturlu í ljósi þessa. Sighvatur gerir grín að valdabrölti Sturlu sonar síns og þykir fyndið að hann skuli ætla að gera aðra höfðingja sér undirgefna:

„Margs þarf búið við frændi,“ segir Sighvatur. „Þá menn þyrftir þú og sem hefðu veiðifarir og væru banghagir nokkuð, kynnu að gera að skipum og því öðru er búið þarf. Þessa menn sé ég gjörla. Þar eru þeir frændur þínir Staðar-Böðvar og Þorleifur í Görðum.“

Sturla lét sér þá fátt um finnast og lést þó ætla að þeir væru báðir vel hagir.

„Svo er og frændi,“ segir Sighvatur, „þá menn þarftu er vel kunna hrossa að geyma og hafa ætlan á hvað í hverja ferð skal hafa. Þessa menn sé eg gjörla. Þar er Loftur biskupsson og Böðvar í Bæ.“

„Engi von er mér þess þá,“ segir Sturla, „að allir menn þjóni til mín og er slíkt þarflausutal.“

„Nú er og fátt mannskipanar eftir það er þykir allmikil nauðsyn til bera,“ sagði Sighvatur, „en þá menn þarftu er hafi aðdráttu og fari í kaupstefnur og til skipa, skilvísa og skjóta í viðbragði og kunnir vel fyrir mönnum að sjá og til ferða að skipa. Þessa menn sé eg gjörla. Það er Gissur Þorvaldsson og Kolbeinn ungi.“

Þá spratt Sturla upp og gekk út.<sup>58</sup>

Þetta er í fyrsta sinn í Íslendingasögu sem ýjað er að þeirri hugmynd að einn höfðingji verði yfir öllum öðrum höfðingjum á Íslandi. Sighvatur gantast með þessa hugmynd og þykir hún fyndin. Hann lýsir valdabrölti sonar síns eins og hann ætli að gera aðra höfðingja að þjónum sínum og húskörnum. Sighvatur var alinn upp við hugsunarhátt goðaveldisins þar sem höfðingjar voru æðstir og stóðu jafnfætis en ekki í stigveldi þar sem einn var yfir öðrum. Undirmenn höfðingja sem þarftu að hlýða þeim hvort sem líkaði betur eða verr voru einkum leiguliðar og vinnufólk.

Af sjónarhóli goðaveldisins er sú hugmynd að Gissur og Kolbeinn verði undirmenn Sturlu fyndin vegna þess að þeir eru með þessu gerðir að íslenskum

---

<sup>57</sup> Sama rit, 413.

<sup>58</sup> Sama rit, 394.

vinnumönnum fremur en evrópskum lágaðli. Sturla reiðist, ekki vegna þess að það sé svo fjarri honum að verða yfirmaður Gissurar og Kolbeins heldur vegna þess hvernig faðir hans snýr út úr þeirri pólitísku hugsun sem réttlæta á valdabrölt hans og tilraunir til að verða æðsti maður Íslands í umboði Hákonar gamla.

### Dálæti sögumanns á Guðmundi biskupi Arasyni

Sögumaður Sturlungu ber kirkjuhöfðingjum vel söguna. Hann segir t.d. ekki styggðar-yrði um Guðmund góða þótt hann hafi verið höfðingjum erfiður, þ. á m. þeim feðgum Sighvati og Sturlu. Menn dreymir illa eftir að Kolbeinn Tumason veitir Guðmundi biskupi eftirför þar sem hann fellur reyndar sjálfur,<sup>59</sup> og Guðmundi er víða hælt og ásamt Sturlu Sighvatssyni er hann sá sem sögumaður lofar hvað mest. Um Guðmund látinn segir Íslendinga saga:

Finnst og varla á voru landi eða víðara sá maður er þokkasælli hafi verið af sínum vinum en þessi hinn blessaði biskup svo sem votta bréf Þóris erkibiskups eða Guttorms erkibiskups eða hins ágæta konungs Hákonar og margra annarra dýrðlegra manna í Noregi að þeir unnu honum sem bróður sínum og báðu hann fulltingis í bænum sem föður sinn.

Lík Guðmundar biskups var náttsett þar í stofunni. Hinn þriðja dag var til kirkju borið og skrýtt. Kom þá til Eyjólfur prestur af Völlum og gaf til gull það er hann hafði í gröf. Allir dáðu er sáu þenna líkama og kváðust aldrei séð hafa dauðs manns hold jafn bjart eða þekkilegt sem þetta.<sup>60</sup>

Hér sem annars staðar í íslenskum miðaldaritum er það til marks um velþóknun æðri máttarvalda á látnum manni ef lík er þekkilegt, bjart eða fagurt. Svipuð orð eru höfð um lík Þorgils skarða:

Lét ábóti þá sveipa líkið og segir svo sem margir hafa heyrt að hann kvaðst engis manns líkama hafa séð þekkilegra en Þorgils, ...<sup>61</sup>

Þorgils var maður konungs. Hákon gamli hafði veitt honum Eyjafjarðarhérað sem þorvarður, banamaður hans, þóttist eiga samkvæmt fornum rétti. Með þessari lýsingu á líkinu tekur sagan afstöðu með kóngsmanninum gegn hefðbundnum rétti íslensks höfðingja.

En hví skyldu sögumaður og máttarvöldin sameinast í aðdáun á Gvendi góða svo erfiður sem hann var íslenskum höfðingjum.

Gunnar Karlsson hefur sett fram þá kenningu að lítil meining sé á bak við fagur-galann um Guðmund góða. Eftir að hafa getið þeirrar samúðar sem sögumaður sýnir Guðmundi þegar Arnór Tumason lék hann hvað verst segir Gunnar:

Nú vill svo til að sá sem stóð fyrir þessari aðför, Arnór Tumason, dó austur í Noregi þremur árum síðar (...). Og hann fær þessi eftirmæli hjá Sturlu (287): ‘At Arnóri þótti hans mönnum inn mesti skaði. Var þat orð á, at hann hefði verit inn beztu drengur ok mikill einaraðarmaðr.’

Þetta er öll tryggðin sem Sturla sýnir málstað Guðmundar biskups í erjum hans við höfðingja Skagfirðinga. Og mér er nær að halda, þó að það sé glannalega ályktað, að sú sérstaka virðing sem Sturla sýnir stundum klerkum og kirkju sé það sem kallað er á ensku ‘lip-service’, og verður tæplega sagt eins vel á íslensku.<sup>62</sup>

---

<sup>59</sup> Sama rit, 220-222.

<sup>60</sup> Sama rit, 386.

<sup>61</sup> Sama rit, 737.

<sup>62</sup> Gunnar Karlsson 1988:212.



Þessi athugasemd, að mönnum Arnórs hafi þótt skaði að honum, vegur að minni hyggju ekki þungt. Hún breytir engu um það að næst á eftir Sturlu Sighvatssyni er Guðmundur góði sú persóna sem sögumaður hefur mest dálæti á. Þótt fullyrt sé að mönnum Arnórs hafi þótt skaði að honum er ekkert gefið í skyn hvað öðrum þótti. Hefði sögumaður viljað gera mikið úr Arnóri eða draga á einhvern hátt úr verðleikum Guðmundar góða þá hefði hann stýtt mál sitt um tvö orð og sagt: „At Arnóri þótti inn mesti skaði.“

Hvers vegna ætti sagan svo sem að hlaða meira lofi á Guðmund biskup en sögu-manni finnst hann eiga skilið? Það þufti ekkert að lofa hann til að tolla í náðinni hjá yfirvöldum kirkjunnar. Hann var sviptur embætti. Gunnar Karlsson hefur það til síns máls að sögumaður hefur ástæður til að vera á móti Guðmundi góða. En hann er það ekki og við hljótum að spyrja hvers vegna. Að minni hyggju er trúlegasta skýringin pólitísk hugmyndafræði. Um sína daga var Guðmundur helsti boðberi þeirrar kenningar að kirkjan ætti að vera sjálfstæð og óháð veraldlegum höfðingjum. Hann var, eins og Sturla Sighvatsson, fulltrúi hinnar nýju stjórnmalahugsunar sem kennd er við sverðin tvö og var að leysa goðaveldið af hólmi.

### **Draumar eftir Flugumýrabrennu**

Það var stórdreymt fyrir fall Sturlu Sighvatssonar og hann féll sem hetja. Það var ekki stórdreymt fyrir Flugumýrabrennu. Þó er getið válegs fyrirboða:

Sá atburður varð út í Fljótum þetta sumar að það æpti í fjallinu, Tungufjalli, mikið stóróp og var hrinur illur á eftir. Það heyrðu menn nokkurum sinnum. Vigfús bóndi Illugason heyrði þetta óp og fleiri menn aðrir.<sup>63</sup>

Eftir brennuna kallar draumkona þá sem brenndu bæinn á Flugumýri, og ætluðu að drepa Gissur, mannhunda. Hún segir líka að þeir ætli „með illvilja sínum að koma heiðni á allt landið.“<sup>64</sup> Hér er andstöðu við kóngsmanninn Gissur jafnað við það að ætla að koma heiðni á allt landið. Konungsvaldið var hluti af valdakerfi kristinnar og hugmyndafræði kirkju- og konungsvalds gerði ráð fyrir því að þeir sem ætluðu að standa utan við eða vera óháðir alþjóðlegu valdapírámíðunum tveim tækju sér jafnframt stöðu utan við kristinn dóm.

Í frásögnum af Gissuri er notað tákmal sem undirstrikar vald hans og virðingu.<sup>65</sup> Greinilegt er að þótt biskupar séu andsnúnir Gissuri og höfundur sögunnar, Sturla Þórðarson, sé enginn vinur hans eru þeir sem vinna gegn honum og Hákonu ekki á guðs vegum. Hér eins og svo víða tekur sagan afstöðu með því að veraldlegt vald á Íslandi verði eins og kirkjuvaldið hluti alþjóðlegs valdapírámíða. Hún boðar að íslenskir höfðingjar skuli vera hluti af höfðingjastétt heimsins, sá æðsti þeirra skör neðar kóngi og hinir undir hann settir alveg eins og biskupar á Íslandi voru skör neðar erkibiskupi í Niðarósi og prestar og ábótar undir þá settir. Helst vildi sögumaður að Sturla Sighvatsson hefði orðið jarl yfir Íslandi, og ef ekki hann þá einhver annar, en síst af öllu að Íslendingar héldu áfram að vera með þeim endemum að þjóna ekki undir neinn konung.

## **4. Niðurlag**

---

<sup>63</sup> *Sturlunga* 1988:628.

<sup>64</sup> Sama rit, 674.

<sup>65</sup> Sjá t.d. rit Guðrúnar Nordal frá 1998, bls. 57-58.

Í íslenskum miðaldaritum má greina tvenns konar hugmyndir um samfélagsskipan og pólitískt vald. Annars vegar þær sem kenna má við goðaveldið og gera ráð fyrir að hópur sjálfstæðra höfðingja myndi efsta lag samfélagsins, þeir séu jafningjar og hafi bæði forræði í andlegum málum og veraldlegum. Hins vegar er hugmyndafræði kónga og alþjóðlegs kirkjuvalds sem oftast er kennd við sverðin tvö og gerir ráð fyrir að andlegt og veraldlegt vald myndi tvö aðskilin stigveldi og höfðingjar eigi að lúta kóngi og kóngar keisara eins og biskupar lúta erkibiskupi og erkibiskupar páfa.

Sturlunga saga dregur taum konungs- og kirkjuvalds. Sögumaður stendur með þeim sem reka erindi Hákonar gamla og erkibiskupsins í Niðarósi en tekur afstöðu gegn þeim sem reyna að halda í samfélagsskipan goðaveldisins.

## Rit

- Ármann Jakobsson. 1994. „Sannyrði sverða: Vígaferli í Íslendinga sögu og hugmyndafræði sögunnar“ í *Skáldskaparmál* 3. hefti. Reykjavík.
- Ármann Jakobsson. 1995. „Hákon Hákonarson: Friðarkonungur eða fúlmeni“ í *Sögu, tímariti Sögufélagsins XXXIII* 1995:167-185.
- Birgir Þór Runólfsson. 1993. „Institutional Evolution in the Icelandic Commonwealth“ *Constitutional Political Economy* vol. 4. No. 1:97-125.
- Byock, Jesse L. 1988. *Medieval Iceland- Society, Sagas, and Power*. Berkeley.
- Flóamanna saga 1953. Í *Íslendinga sögur XII*. (Guðni Jónsson bjó til prentunar.) Reykjavík.
- Guðni Jónsson. 1957. „Formáli“ í *Konungasögur III*. (Guðni Jónsson bjó til prentunar.) Reykjavík.
- Guðmundur J. Guðmundsson. 1993. „Keltnesk áhrif á íslenskt þjóðlíf“ *Saga, tímarit Sögufélagsins XXXI*:107-126.
- Guðrún Ása Grímsdóttir og Jónas Kristjánsson. 1988. *Sturlustefna*. Reykjavík.
- Guðrún Nordal. 1998. *Ethics and action in thirteenth-century Iceland*. Odense.
- Gunnar Karlsson. 1988. „Siðamat Íslendingasögu“ í Guðrún Ása Grímsdóttir og Jónas Kristjánsson 1988:204-221.
- Gunnlaugur Leifsson. 1953. „Jóns saga helga“ í *Byskupa sögur II*. (Guðni Jónsson bjó til prentunar.) Reykjavík.
- Harðar saga ok Hólmverja 1953. Í *Íslendinga sögur XII*. (Guðni Jónsson bjó til prentunar.) Reykjavík.
- Helgi Þorláksson. 1982. „Rómarvald og kirkjugóðar“ í *Skírnir* 1982:51-67.
- Hænsa-Þóris saga. 1953. Í *Íslendinga sögur I*. (Guðni Jónsson bjó til prentunar.) Reykjavík.
- Hungrvaka. 1953. Í *Byskupa sögur I*. (Guðni Jónsson bjó til prentunar.) Reykjavík.
- Jón Viðar Sigurðsson. 1989. *Frá goðorðum til ríkja- þróun goðavalds á 12. og 13. öld*. Reykjavík.
- Jón Viðar Sigurðsson. 1993. *Goder og maktforhold på Island i fristatstiden*. Bergen.
- Konungs skuggsjá. 1955. (Magnús Már Lárusson bjó til prentunar.) Reykjavík.
- Kristni saga. 1953. Í *Íslendinga sögur I*. (Guðni Jónsson bjó til prentunar.) Reykjavík.
- Magnús Stefánsson. 1988. „Drottinsvik Sturlu Þórðarsonar,“ í Guðrún Ása Grímsdóttir og Jónas Kristjánsson 1988:147-183.
- Oddaverja þátr. 1953. Í *Byskupa sögur I*. (Guðni Jónsson bjó til prentunar.) Reykjavík.
- Sigurður Línadal. 1984. „Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu“ í *Skírnir* 1984:121-158.
- Snorri Sturluson. 1991. *Heimskringla*. (Ritstjórar Bergljót S. Kristjánsdóttir o. fl.) Reykjavík.

- Sturla Þórðarson. 1957. „Hákonar saga gamla“ í *Konungasögur III*. (Guðni Jónsson bjó til prentunar.) Reykjavík.
- Sturlunga saga*. 1988. (Ritstjóri Örnólfur Thorsson.) Reykjavík.
- Turner, R. V. 1996. „King John's Concept of Royal Authority“ í *History of Political Thought* vol. XVII:157-178.
- Úlfar Bragason. 1986. „Hetjudauði Sturlu Sighvatssonar“ í *Skírni* 1986:64-78.
- Vésteinn Ólason. 1998. *Samræður við söguöld- Frásagnarlist Íslendingasagna og fortíðarmynd*. Reykjavík.
- Víglundar saga. 1953. Í *Íslendinga sögur III*. (Guðni Jónsson bjó til prentunar.) Reykjavík.
- Vápnfirðinga saga. 1953. Í *Íslendinga sögur X*. (Guðni Jónsson bjó til prentunar.) Reykjavík.